

19. júní 1996

Nýjar bækur

Ljóðmyndir úr náttúru Þingvalla

ÚT ER komin þriðja ljóðabók Steinunnar Ásmundsdóttur, Hús á heiðinni ljóð frá Þingvöllum. Í bókinni eru 33 ljóðmyndir úr náttúru Þingvalla, þar sem höfundur hefur starfað sem landvörður og náttúrufræðari undanfarin ár. Eftir Steinunni hafa áður komið út ljóðabækurnar Einleikur á regnbogann hjá Almenna bókafélaginu árið 1989 og Dísyrði hjá Goðorði árið 1992.

Nýjar bækur Ljóðmyndir úr

náttúru Þingvalla

ÚT ER komin þriðja ljóðabók Steinunnar Ásmundsdóttur, Hús á heiðinni ljóð frá Þingvöllum.

Í bókinni eru 33 ljóðmyndir úr náttúru Þingvalla, þar sem höfundur hefur starfað sem landvörður og náttúrufræðari undanfarin ár. Eftir Steinunni hafa áður komið út ljóðabækurnar Einleikur á regnbogann hjá Almenna bókafélaginu árið 1989 og Dísyrði hjá Goðorði árið 1992.

Andblær gefur bókina út. Hún er til sölu í bókaverslunum, í Þjóðgarðinum á Þingvöllum og hjá höfundi og kostar 1.800 kr.

30. júlí 1996

Óður til náttúrunnar

Ljóð HÚS Á HEIÐINNI - LJÓÐ FRÁ ÞINGVÖLLUM eftir Steinunni Ásmundsdóttur. Prentuð í Prentsmiðjunni Hjá GuðjónÓ. 45 bls. Útgefandi

eftir Steinunni Ásmundsdóttur. Prentuð í Prentsmiðjunni Hjá GuðjónÓ. 45 bls. Útgefandi er Andblær 1996. LJÓÐ FRÁ ÞINGVÖLLUM er undirtitill ljóðabókar Steinunnar Ásmundsdóttur, Hús á heiðinni. Staðsetningin kveikir strax hugsanir um náttúru og sögu í huga lesandans en þetta eru einmitt tvö meginþemu bókarinnar.

Óður til

náttúrunnar

BÓKMENNTIR

Ljóð

HÚS Á HEIÐINNI - LJÓÐ FRÁ ÞINGVÖLLUM

eftir Steinunni Ásmundsdóttur. Prentuð í Prentsmiðjunni Hjá GuðjónÓ. 45 bls. Útgefandi er Andblær 1996.

LJÓÐ FRÁ ÞINGVÖLLUM er undirtitill ljóðabókar Steinunnar Ásmundsdóttur, Hús á heiðinni. Staðsetningin kveikir strax hugsanir um náttúru og sögu í huga lesandans en þetta eru einmitt tvö meginþemu bókarinnar. Í eftirmála hennar segir höfundur að ljóð hennar séu ávextir dvalar hennar sem landvarðar á Þingvöllum í nokkur sumur. Bókina mætti reyndar lesa sem dýrðaróð til náttúrunnar. Í síðasta ljóðinu má lesa þessa lofgjörð:

Megir þú alltaf vera

vaxandi náttúra,

vaxandi uppspretta,

sjálfri þér nóg

um vöxt þinn

og fegurð þína.

Í bókinni eru dregnar upp margvíslegar myndir af lífi bæði manna, dýra og náttúru fyrirbæra á Þingvöllum. Ljóðin lýsa náttúruferlinu; vetur, vor, sumar, haust. Í fyrsta ljóðinu, Óxarárfoss I, er tónninn gefinn þar sem náttúran og tíminn mynda saman sinn órofa vef: "Hvílir/ í böndum// ísfoss// fjötraður/ af fallþunga/ tímans." Þetta er vetur en brátt kemur vorið og leysir ísa: "Veröldin umhverfis/ að bráðna saman/ í nýtt upphaf" (Vorið). Síðan kemur fiskiflugan og "suðar sumarið á gluggann" (Fiskifluga). En í fyrstu næturfrostum verður allt öðruvísi: "Ármannsfellið fjólublátt./ söngur fuglanna hljóðlátari/ og ilmur andvarans/ var ilmur haustsins.// Brátt breiða sig logandi litir/ um laufið og svörðinn/ og náttúran sofnar" (Fyrstu næturfrostr).

Sagan er á margan hátt einnig tengd náttúrunni í ljóðum Steinunnar. Lögberg sjálf getur sagt langa sögu lítillar þjóðar: "Segðu mér sögu/ um tilurð þjóðar./ lítillar þjóðar/ er skóp sig/ í viðjum þínum,// með von um réttlæti/ og farsæld" (Saga þjóðar). Sagan er einnig nálæg í ljóði um Ölkofra sem sagt er frá í Ölkofra sögu: "Þú varst nú meiri/ ólánsauminginn Ölkofri,/ að brenna skóginn goðanna/ fyrir ofurlítinn lúr/ á miðjum degi kolagerðar", segir meðal annars í ljóðinu Ölkofradalur.

Ef staðsetja ætti kveðskap Steinunnar væri réttast að segja að hún orti sig inn í hina rómantísku hefð; Náttúrudyrkunin og áherslan á söguna eru ekki aðeins til merkis um það heldur einnig stílblærinn sem er eilítið gamall í sér, ljóðrænn og svolítið upphafinn á köflum: "Við svartblikandi/ fjaðrahaminn/ liggur vængstýfð sorg/ augna þinna." (Krummaljóð)

Það er annars augljóst að höfundur hefur vandað til þessarar þriðju bókar sinnar sem er ánægjuleg útgáfa á fremur þunnu bókmenntasumri.

Pröstur Helgason

18. desember 1992

Nýjar bækur Tvær ljóðabækur

Nýjar bækur Tvær ljóðabækur ÚT eru komnar ljóðabækurnar Dísyrði eftir Steinunni Ásmundsdóttur og Tjaldborg tímans eftir Svein Óskar Sigurðsson. Í kynningu útgefanda segir m.a. um bók Steinunnar: "Bókin skiptist í þrjá kafla: Rætur í nýju landi, Dísyrði og... Nýjar bækur Tvær ljóðabækur

ÚT eru komnar ljóðabækurnar Dísyrði eftir Steinunni Ásmundsdóttur og Tjaldborg tímans eftir Svein Óskar Sigurðsson.

Í kynningu útgefanda segir m.a. um bók Steinunnar: "Bókin skiptist í þrjá kafla: Rætur í nýju landi, Dísyrði og Öræfjaljóð og gefa lesendum hlutdeild í þroska ungra skáldkonu sem í lokakaflanum slær nýjan tón í íslenskum náttúrukveðskap. Í fyrri bók sinni gaf Steinunn fyrirheit sem ung skáldkona en með Dísyrðum haslar hún sér völl sem eitt vandaðasta ljóðskáld af yngri kynslóðinni."

Útgefandi er Goðorð. Kápu bókarinnar gerði Inga Lísu Middleton. Bókin er 47 bls. prentuð í Ísafoldarprentsmiðju hf. og kostar 1.480 krónur.

13. janúar 1993

"Tár, angur og unaður" Bókmenntir Kristján Kristjánsson Dísyrði Steinunn

"Tár, angur og unaður" Bókmenntir Kristján Kristjánsson Dísyrði Steinunn Ásmundsdóttir 45 bls. Goðorð, 1992.

"Tár, angur og unaður" Bókmenntir Kristján Kristjánsson Dísyrði Steinunn Ásmundsdóttir 45 bls. Goðorð, 1992. Árið 1989 kom út fyrsta ljóðabók Steinunnar, "Einleikur á regnboga", en flest ljóðin í þeirri bók eru myrk og þunglyndisleg og full af sársauka sem birtist kannski helst til nærri yfirborði þeirra, líkt og reynsla höfundarins hafi ekki náð að renna saman við formið. Innan um voru þó ljóð sem sýndu ákveðinn þroska og nokkur tók á tungumálinu.

Nú, þremur árum síðar, sendir Steinunn frá sér aðra ljóðabók, "Dísyrði", þrjátíu ljóð sem hún skiptir niður í þrjá hluta. Ljóð hvers hluta mynda ákveðna heild, þau standa sjálfstætt en hverfast um afmarkað efni líkt og um kvæðabálka sé að ræða. Uppsetningin styður slíka tengingu, hver hluti ber ákveðið heiti meðan ljóðin eru nafnlaus og númeruð með rómverskum tölum.

Fyrsti og annar hluti eru nátengdir, þeir lýsa umskiptum sem verða í lífi ljóðmælandans og má rekja í þeim ákveðna sögu. Fyrsti hlutinn heitir "Rætur í nýju landi" og dregur nafn sitt af lokalínu síðasta ljóðsins. Steinunn yrkir í þessum hluta á keimlíkum nótum og í fyrstu bókinni, ljóðin miðla myrkri lífssýn, ótta og kvöl, jafnvel vonleysi og uppgjöf (t.d. ljóð II og IX). En svo gerist eitthvað í síðasta ljóðinu, sem er "bjartasta" ljóðið í þessum hluta: "Ég veit ekki almennilega hvað gerðist/ . . .ég lífnaði allt í einu við // mér uxu hvítir vængir // í stað sorglegra hljóða / kom úr barka mínum hinn fegursti söngur // hjartað barðist ekki lengur af ótta / það sló í takt við lífið. // Ég festi rætur í nýju landi." (bls. 20.)

Annar hlutinn heitir "Dísyrði" og er freistandi að líta svo á að þetta "nýja land" sé sjálf ástin með stórum staf. Lesandanum birtist ástfangin kona. Í upphafsljóði hlutans stendur: "Enn er hún ekki ein / en nú er það ástin sem henni fylgir / og verndar hana gegn óttanum." Og annað ljóðið hefst á þennan veg:

Ég var kysst í morgun

og elskuð í nótt.

Ástin gefur fyrirheit og virðist heit og sterk: "á millum sálna okkar / er strengur / svo styrkur / að orða er ekki þörf" (bls. 26). Þessi strengur brestur þó furðu fljótt, elskhuginn hverfur á brott og ástin reynist alls ekki það haldreipi sem vonast var eftir. Ljóð X (bls. 32):

Allt er að falli komið

ég sé mig í skuggsjá

- konuna í rústunum

með kramið hjarta í lófanum.

Og óttinn fyllir líf ljóðmælandans að nýju.

Það er ekki djúpt á tilfinningarnar í þessum ljóðum, formið er einfalt og gamalkunnugt; hér er allt sagt nokkuð beinum orðum. Myndmálið er yfirleitt fábrotið og bygging ljóðanna stundum ómarkviss. Röddin í ljóðunum er vissulega einlæg en þó ekki alveg laus við tilgerð því oft er notast við tungumálið nánast gagnrýnislaust eins og sjá má í dæminu hér að ofan.

Þriðji hlutinn er svolítið sér á parti, sjö ljóð undir heitinu "Öræfajóð", sem fjalla um tengsl ljóðmælanda við landið. Náttúruvernd og smæð mannsins andspænis fyrirbærum náttúrunnar ber hér m.a. á góma og ort er um Herðubreið og Ódádahraun. Lýst er löngun til að eiga í landinu "athvarf og skjól" en þó er landið fjarlæggt, líkt og aðskilnaður manns og náttúru verði ekki yfirstiginn. "Ódádahraun / svo óhaggalegt / tími þinn annar en okkar / (. . .) Kynslóðir koma og fara / vilja ráðskast með þig / en tynast hver af annarri / án sérstaks hróðurs í hraun" segir í síðasta ljóði bókarrinnar.

1. desember 1992

Skáld og tónlistarmenn Ljósvíkingar lesa og spila

Skáld og tónlistarmenn Ljósvíkingar lesa og spila LJÓSVÍKINGAR er heiti á hópi skálda og tónlistarmanna sem tekið hafa sig saman og standa fyrir upplestrar- og tónlistarkvöldum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi nú í desembermánuði. Skáld og tónlistarmenn Ljósvíkingar lesa og spila

LJÓSVÍKINGAR er heiti á hópi skálda og tónlistarmanna sem tekið hafa sig saman og standa fyrir upplestrar- og tónlistarkvöldum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi nú í desembermánuði. Fyrsta uppakoman verður í kvöld 1. desember á Sólón Íslandus í Húsi málans við Bankastræti og hefst kl. 20.30.

Þeir sem að hópnum standa eru rithöfundarnir Einar Kárasón, Vigdís Grímsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Kristín Ómarsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Steinunn Ásmundsdóttir, Sveinn Óskar Sigurðsson og Ari Gísli Bragason. Tónlistarmennirnir eru Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari, Snorri Sigfús Birgisson og Sigurður Örn Snorrason klarinettuleikarar, Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Páll Eyjólfsson gítarleikari. Á Selfossi og í Hveragerði munu þeir Kjartan Óskarsson og Óskar Ingvarsson bætast í hópinn og leika með.

Dagskráin í desember er síðan skipulögð á eftirfarandi hátt; Listahús Reykjavíkur þann 18. des., Selfoskirkja 19., Laufafell Hellu 19., Hveragerðiskirkja 20., Dómkirkjan í Reykjavík 21. Hressó 29., og Sólon Íslandus 30. desember. Dagskráin hefst á öllum stöðum kl. 20.30.

Hluti hópsins sem nefnir sig Ljósvíkinga og ætlar að lesa upp og flytja tónlist víðsvegar um höfuðborgarsvæðið og á Suðurlandi í desember.

16. desember 1989

VEGGUR Í EINSKISMANNNSLANDI Talað við Steinunni Ásmundsdóttur um ljóðabók hennar

"Eins og sjúkur maður er tregur til líkamsvinnu, þannig er hinum heilbrigða óljúft að hugsa. Hvort tveggja er andstætt lögmáli náttúrunnar. Hugsunin er sjúkleiksmerki eða að minnsta kosti ávöxtur ójafnvægis og truflunar." Þannig kemst Martin Andesen Nexö að orði í formála fyrir fyrsta bindi endurminninga sinna, Tötrinu litla. Einhverra hluta vegna varð mér hugsað til þessara orða Nexö þegar ég las ljóðabók Steinunnar Ásmundsdóttur, Einleikur á regnboga. Steinunn er aðeins 23 ára gömul en samt yrkir hún um þjáninguna eins og gamla leiksystemur.

Ég þekktist á gráum pels", hafði hún sagt, en svo var hún komin úr pelsinum og sat með hann við hlið sér við kringlótt borð og skrifaði. Ung skáld verða að nota hverja stund til að skrifa. Þannig þroskast þau og verða hagvön í landi skáldskaparins. Þetta hugsa ég og sest á móti hinu skrifandi ungskáldi. Ég er sannfærð um að ég myndi veslast upp og deyja ef ég fengi ekki að skrifa," segir hún þegar hún verður mín vör. Fljótlega stöndum við upp til þess að ná okkur í hressingu og komum okkur því næst aftur að hinu út kjörna borði. Hún hafði sagt mér að kaffihúsið Tíu dropar væri rólegur staður. Mér finnst það öðru nær þessa stundina, helst er svo að sjá sem allar göngupreyttar húsmæður bæjarins haldi þarna þing. Í kliðnum frá málþinginu tókum við Steinunn upp tveggja manna tal.

Steinunn er Reykvíkingur, alin upp við Háaleitisbrautina en segist samt ekki vera borgarbarn hið innra. Ég er náttúrubarn og stundum fer ég að gráta úti í náttúrunni af því hún er svo fögur. Borgin þrúgar mig," segir hún og brosir svo nettar og þéttar tennur speglast í gljáandi kaffibollanum. Hún hrærir í bollanum með stórri teskeið og leggur hana svo frá sér. Fingur hennar eru langir og grannir - píanóingur? Mikið rétt hún lærði á hljóðfæri í tíu ár. Ætlaði meira að segja um tíma að verða jassisti" en komst að því að hún hafði ekki í sér að "impróvisera" (spinna laglínu). Undarlegt að þú skulir þá yrkja," segi ég. Hárið meðfram öðrum vanganum er miklu lengra en í hinum og virðist enn lengra þegar hún hallar undir flatt og hugsar um orð mín. Hefði ég ekki komist í eins konar lífsháska væru þessi ljóð ekki til og án þeirra væri ég ekki eins og ég erí dag. Þessi ljóð eru kafli úr lífi mínu sem er liðinn en er mér samt alveg ómissandi."

Hún segist líta á lífið einsog skóla þar sem menn verða að þreyta alls kyns prófraunir, stundum falla menn og þá verða þeir að taka upp námsefnið á ný. En eru þá kvæðin hennar einhverskonar prófverkefni? Jú, hún samsinnir þessari hugmynd. Ljóð mín eru tilfinningalegs eðlis. Ég hef lengi hugsað of mikið, þegar hugsanirnar urðu of yfirþyrmandi þá féllu þær í farveg ljóðsins, það gerði lífsháskinn. Ég gæti aldrei ort svona ljóð aftur. En þó reynslan sem þau spruttu af væri mér dýrkeypt þá myndi ég engu breyta þó ég gæti. Stundum sakna ég meira að segja dramatíkurinnar" sem áður ríkti í lífi mínu þó ég að öðru leyti sé fegin að komast úr myrkrinu og ganga nú brautina í ljósi."

ÍÉg hef stritað

með líkama mínum

sál minni.

Hlaðið þennan múrvegg

stein fyrir stein.

Vegg sársaukans.

Ég hef grátið

kastað mér á jörðina

beðið um miskunn.

En blóðrisa hendur mínar

halda áfram verkinu

- endalaus.

Íl Svo komst þú óvænt

utan úr blámanum

og blést niður vegginn

svo auðveldlega

Ég hafði haldið

að þjáningin

festi saman skörðótta steinana

og þylði vind veðranna

en svo var ekki.

Ég byrja á nýjan leik

biturleiki styrkir von mína.

Hann skal rísa

ég falla.

Veggur í einskismannslandi.

Ljóð ungra skálda eru forvitnileg af því að þar kveður stundum við nýjan tón. Þegar einhver nýr kveður sér hljóðs á þessum vettvangi þá sperra menn eyrun. Hvernig gengur þessum tiltekna einstaklingi að koma í búning hugsunum sínum og tilfinningu? Eftir að hafa kvatt Steinunni og haldið út í rökkvaðan desember daginn velti ég fyrir mér þeirri stóru spurningu hvenær menn séu skáld og hvenær ekki. Enn leita ég í smíðu Nexö: Einnig mætti segja að allir menn væru skáld í misjafnlega ríki merkingu. Sorg og gleði, von og örvænting, draumur og hugsjón, - allt er þetta hvers manns eign, að því leyti sem hann megnar að lifa það með sjálfum sér. Að vísu er ekki öllum gefið að færa það í skáldlegan búning, þó að flestir reyni það jafnvel á stundum. Milli skáldsins og hinna er vissulega ekkert djúp staðfest, - ekki einusinni grunn göturrenna. Það er einmitt skýring þess, að þeir geta notið verka hans. Ekkert skáld getur gefið lesanda sínum meira en hann er fær um að veita viðtöku."

Guðrún Guðlaugsdóttir

Morgunblaðið/BJE

17. nóvember 1989

Í DJÚPUNUM Bókmenntir Jóhann Hjálmarsson Steinunn Ásmundsdóttir: EIN

Í DJÚPUNUM Bókmenntir Jóhann Hjálmarsson Steinunn Ásmundsdóttir: EIN LEIKUR Á
REGNBOGA. Ljós myndir: Inga Lía Middleton. Almenna bókafélagið 1989. Birgitta Jónsdóttir:
FROST DINGLAR. Myndir: höfundur. Almenna bókafélagið 1989.
Í DJÚPUNUM Bókmenntir Jóhann Hjálmarsson Steinunn Ásmundsdóttir: EIN

LEIKUR Á REGNBOGA. Ljós myndir: Inga Lía Middleton. Almenna bókafélagið 1989.

Birgitta Jónsdóttir: FROST DINGLAR. Myndir: höfundur. Almenna bókafélagið 1989.

Í ljóðinu Gljáandi heimar yrkir Steinunn Ásmundsdóttir: Hér í djúpunum/ erum við meira fyrir þjáninguna."

Þetta gæti verið sameiginleg stefnuyfirlýsing þeirra Steinunnar Ásmundsdóttur og Birgittu Jóns dóttur. Það er þó
þyngra yfir Ein leik á regnboga eftir Steinunni en Frostdinglum Birgittu.

Angist hjartans, grimm holskefla ranghverfra strauma, farg áranna, undanhald, blómsveigur haturs, hengiflug
sannleikans eru dæmi um yrkisefni Steinunnar. Í Vængja slætti líkir hún sér við dúfu með lítið óttaslegið hjarta og
smáa kraft lausa vængi. Hún bíður þess að verða stór og flögrar um á meðan. Lokaerindið er uggvænlegt og gef
ur í skyn myrka reynslu: Stundum finnst mér/ að það sé hjartað/ sem vill ekki fljúga/ fremur en vængir mínir./ Ég
held/ að ef ég reyndi,/ flygi ég afturábak/ með vænghaf fortíðarinnar/ á móti mér."

Nægtir er ljóð sem feugar ekki heimsmýnd samtímans, en tónn þess finnst mér ekki vonlaus heldur ögrandi:

Sortnar fyrir augum

af þreytu

yfir brothættri gleði.

Brosi

á bak niðurbældra orða

ósagðra.

Hvers er krafist

í heimi

annars en að brotna ekki

of auðveldlega

heldur gráta ísmolum

framan við hlægandi tjöldin?

Birgitta Jónsdóttir yrkir um ein mana þanka, en segist sjálf hafa brotist út úr þankanum þrönga". Þrátt fyrir ýmsa
dapra tóna og myndir sem geta vakið óhugnað gefur einlægni Birgittu sumum ljóð anna byr undir vængi og gerir
þau jafnvel kumpánleg. Vetrarsál er þannig:

Þá skildi ég.

Duttlungar mínir

eru engu háðir.

Því ég lifi í landi

eilífs sumars

og veturinn

er aðeins til

í sál minni.

Sama eðlis er Tréfuglinn, ofur einfalt ljóð sem þrátt fyrir sorglegan boðskap er aðlaðandi vegna barnslegrar skynjunar sem í því birtist:

Ég horfi á tré og fugla

finnst ég vera lík þeim

í eðli mínu.

Þó er ég tré án róta

og fugl án vængja.

Birgitta er best þegar hún dregur upp óvæntar myndir sem bera æsku hennar vitni. Meðal slíkra mynda er Ég stóð heila öld í andartakinu" í Litlum hring og flóttinn út um naflann í Ótta.

Steinunn og Birgitta eiga báðar margt eftir ólært í ljóðagerð. Málbeitingin er stundum viðvaningsleg, ögun skortir og þeim hættir til að endurtaka sig. Þær eru byrjendur sem hafa ýmislegt að segja og þurfa að læra mikið áður en þær senda næst frá sér bækur.

1. nóvember 1989

Almenna bókafélagið: Þrjár nýjar ljóðabækur ungra skálda komnar út

Almenna bókafélagið: Þrjár nýjar ljóðabækur ungra skálda komnar út ÞRJÁR ljóðabækur ungra skálda eru komnar út hjá Almenna bókafélaginu, þeirra Sigmundar Erniss Rúnarssonar, Birgittu Jónsdóttur og Steinunnar Ásmundsdóttur.

Almenna bókafélagið: Þrjár nýjar ljóðabækur ungra skálda komnar út

ÞRJÁR ljóðabækur ungra skálda eru komnar út hjá Almenna bókafélaginu, þeirra Sigmundar Erniss Rúnarssonar, Birgittu Jónsdóttur og Steinunnar Ásmundsdóttur. Útgáfan er liður í átaki félagsins til eflingar íslenskrar ljóðlistar.

Ljóðabók Sigmundar Erniss Rúnarssonar fréttamanns nefnist Stundir úr lífi stafrófsins og er þetta þriðja ljóðabókin sem hann sendir frá sér. Í frétt frá Almenna bókafélaginu segir, að ljóðin séu þrauthugsuð enda hafi bókin verið árum saman í smíðum. Fyrsta ljóðabók Birgittu Jónsdóttur nefnir Frostdinglar og myndskreytir hún einnig bók sína. Fram kemur að ljóðin séu persónuleg og áleit in. Þriðja skáldið er Steinunn Ásmundsdóttir og er Einleikur á regnboga fyrsta ljóðabók hennar. Bókin er sprottin úr reynslu hennar af dekkri hliðum lífsins. Í henni eru ljósmyndir eftir Ingu Lisu Middleton.

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Steinunn Ásmundsdóttir

Birgitta Jónsdóttir